



Afreksstefna Júdosambands Íslands 2018-2025

Markmið

Að byggja upp sterkt landslið í öllum aldurs og þyngdarflokkum sem taka þátt í stærstu mótum heims. Ólympíuleikum, Heimsmeistaramótum, Evrópumeistaramótum, Grand Slam og öðrum punktamótum IJF/EJU. Einnig er stefnt að því að auka iðkenda fjölda í aðildafélögum JSÍ.

Það er markmið JSÍ að eiga keppanda á Ólympíuleikunum 2020 og 2024. Það er markmið að Íslenskur keppandi vinni til verðlauna fyrir 2021 í seniora flokki á Continental Open móti og í U21 árs á Junior European Judo Cup.

Það er markmið JSÍ að eiga keppendur á Evrópumóti juniora (U21) á hverju ári þess tímabils er hér um ræðir og þeir komist í aðra umferð hið minnsta. Til þess að undirbúa sig sem best fyrir EM og öðlast nauðsynlega keppnisreynslu þurfa þeir að sækja þau stórmót erlendis sem í boði eru fyrir þá.

Það er markmið JSÍ að efla þátttöku unglinga (cadett, U18) á alþjóðavettvangi í júdó. JSÍ setur það markmið að eiga tvo til þrjá keppendur á Ólympíuleikum æskunnar (EYOF) hverju sinni og þeir komist í aðra umferð hið minnsta.

Það er markmið JSÍ að efla þátttöku íslenskra júðókvenna hérlendis sem og á alþjóðavettvangi

Það er markmið JSÍ að efla alþjóðlega menntun júðóþjálfara og að fyrir árslok 2020 hafi tveir þjálfarar fengið IJF þjálfararéttindi. Til viðbótar, hafi allir þjálfarar lokið þjálfaramenntun ÍSÍ og sérgreinhluta JSÍ.

Markmið JSÍ eru háð fjárhag hverju sinni og hvernig til tekst með fjármögnun. Kostnaður er mikill og þarf því að sníða sér stakk eftir vexti.

Almenn Atriði

Afreksstefna varð til í kjölfar Árspings á haustmánuðum 2018. Drög samin af Arnari Frey Ólafssyni, Jóhanni Mássyni og Bjarna Friðrikssyni fyrir hönd Móta og afreksnefndar JSÍ. Drög lögð fyrir stjórn JSÍ og samþykkt með minniháttar breytingum. Það er hlutverk júðófélaga og þjálfara að kynna sér afreksstefnu JSÍ. Markmiðið er að byggja upp breiðan iðkenda fjölda jafnt afreksmanna sem og hinns almenna iðkanda sem stundar íþróttina sér til ánægju og til heilsubótar. Þjálfarar skulu kynna afreksstefnu fyrir afreksmönnum sínum sem leggja kapp á að vera valdir í landslið JSÍ. Jafnframt skulu þeir kynna sér æfingaáætlanir landsliðsþjálfara og aðlaga æfingaáætlanir afreksmanna að kröfum landsliðs.

Iðkenda fjöldi í Judo á Íslandi er lágur og hefur það í för með sér að ekki eru afreksmenn á alþjóðavísu í hverjum þyngdarflokki. Er þetta staðan bæði í karlaflokkum sem og kvennaflokkum. Auka þarf þátttakendafjölda í yngri flokkum til að breikka gæðin í fullorðinsflokkum. Er unnið ötullega að markaðssetningu nú til að kynna íþróttina á internetinu.



Landslið – Landsliðsval – Verkefni

JSÍ starfrækir eftirtalin landslið:

- Verkefni A-landslið karla og kvenna er fyrst og fremst: þátttaka á punktmótum IJF/EJU.
- Verkefni B-landslið karla og kvenna er fyrst og fremst: þátttaka á B-mótum, t.d. NM og Matsumae Cup.
- Landslið pílta og stúlkna U21 (15-20 ára). Verkefni valin af landsliðsþjálfara
- Landslið drengja og stúlkna U18 (15-17 ára). Verkefni valin af landsliðsþjálfara

Afreks og mótanefnd velur þjálfara til umsjónar með hverju landsliði. Landsliðsþjálfarar skulu vinna náðið með þjálfurum þeirra félaga sem eiga menn í landsliðum á hverjum tíma. Við val í landsliðsverkefni er fyrst og fremst farið eftir punktakerfi JSÍ, tekið mið af ástundun og líkamlegu ástandi judoka og hvernig þrek og aflpróf hafa komið út.

Verkefni A-landsliðsmanna er að vinna sér þátttökurétt á Ólympíuleikum hverju sinni. Um þátttöku á Ólympíuleikum gilda alþjóðlegar reglur sem eru oft breytilegar milli leika en þær þarf að uppfylla til að öðlast þátttökurétt.

- A-landsliðsmenn skulu sækja mót og æfingabúðir erlendis samkvæmt markmiðasetningu sem unnin er í samvinnu við þjálfara og landsliðsþjálfara.
- Sú krafa er gerð á A-landsliðsmenn að þeir taki þátt í öllum mótum innanlands svo lengi sem judoka er laus við meiðsli.
- Lágmark til að teljast til A landsliðsmanns er að vera í hópi topp 250 í heiminum í sínum þyngdarflokki.
- Kostnaður við A-landslið greiðist af JSÍ.

Verkefni B-landsliðsmanna er að vinna sér sæti sem A-landsliðsmaður.

- Verkefni B-landsliðs er:
- Að taka þátt í Smáþjóðaleikum.
- Norðurlandamótum.
- Matsumae Cup auk annarra B-móta sem skulu ákveðin í samráði við þau félög sem eiga þátttakendur í landsliði.
- Valin IJF punktamót.
- Fjármögnun við starf B-landsliðs skal JSÍ standa að í samstarfi við félögin og iðkendur sjálfa.

Verkefni U21 árs landsliðs er þátttaka í tveimur erlendum juniora mótum á ári hið minnsta auk æfingabúða ef því verður við komið og þátttaka á Evrópumóti U21árs.

- Til að öðlast þátttökurétt á EM þarf keppandi að vinna til verðlauna á völdu junioramóti erlendis og hafa unnið þar minnst tvær viðureignir í þyngdarflokki þar sem eru ekki færri en fimm keppendur. Einnig verður punktakerfi JSÍ ákvarðandi.
- Fjármögnun við starf U21 árs landsliðs skal JSÍ standa að í samstarfi við félögin og iðkendur sjálfa.

Verkefni U18 ára landsliðs er þátttaka í einum erlendum viðburði árlega hið minnsta, sem skal ákveðinn í samráði við þau félög sem eiga þátttakendur í þessu landsliði og lokamarkmið er þátttaka á Ólympíuleikum æskunnar (EYOF).

- Til að öðlast þátttökurétt á EYOF þarf keppandi að vinna til verðlauna á völdu U18 móti erlendis og hafa unnið þar minnst tvær viðureignir í þyngdarflokki þar sem eru ekki færri en fimm keppendur.
- Fjármögnun við starf U18 ára landsliðs skal JSÍ standa að í samstarfi við félögin og iðkendur sjálfa.



Þjálfarar

Hæfni þjálfara er bætt með námskeiðahaldi hjá JSÍ og eru þeir einnig krafðir til þátttöku á námskeiðum ÍSÍ. Hefur þátttaka þjálfara gengið mjög vel og hafa allir yfirþjálfarar í félögunum klárað námskeiðin á vegum ÍSÍ og JSÍ.

Þjálfarar þeir sem þjálfu afreksmenn starfa náið með landsliðsþjálfurum og eru unnar æfingaáætlanir fram í tímann. Þar er haldið utan um æfingar hér á landi sem og erlendis, ásamt mótum erlendis sem JSÍ styrkir afreksmenn til þátttöku. Æfinga og mótaáætlun er unnin eitt ár fram í tímann og horfir hún um 12 mánuði fram á við á hverjum tíma.

Nýverið hafa landsliðsþjálfarar verið ráðnir á ný og er skilgreining hvers og ein eftirfarandi: Landsliðsþjálfari A og B Landsliða; Unglingalandsliðsþjálfari; Landsliðsþjálfari Kvenna; Styrktar og úthaldsþjálfari Landsliða.

Aðstaða

Almenn æfingaaðstaða í aðildarfélögum JSÍ nægir til að sinna þeim kröfum sem gerðar eru til húsnæðis. Ávallt má gera betur en leggja mætti áherslu á að húsnæði sem sinnir félagslega þætti félaganna mætti bæta víðast hvar. Er það lagt á hvert aðildarfélag að bæta þann þátt aðstöðu, enda sækja þau húsnæði nær eingöngu til þess sveitarfélags sem starfsemin er starfrækt.

Fagteymi

JSÍ hefur á að skipa fagteymi með sérfræðingum og það fagteymi skipa; lækni, Osteopati og sjúkraþjálfari.

Unnið er að því að fá íþróttasálfræðing eða markþjálfara í fagteymið.

Dómaramál

JSÍ hefur á að skipa 4 dómurum með IJF B réttindi. Af þeim er einn virkur. Það er markmið JSÍ að tveir til viðbótar nái í IJF B réttindi fyrir árið 2021.

Fjármögnun

Vísað er til fjárhagsáætlun JSÍ sem samþykkt var á Ársþingi. Gert er grein fyrir útgjöldum liðins árs á Ársþingi og fjárhagsáætlun komandi árs lögð fram og var samþykkt. Fjárhagsáætlun er útbúin af Framkvæmdastjóra og Stjórn JSÍ. Einnig er fjárhagsáætlun unnin að hluta af Móta og Afreksnefnd þar sem þátttaka móta og æfingabúða er ákveðin í samvinnu við Landsliðsþjálfara, keppanda og þjálfara.

Samþykkt á formannafundi þann 8.12.2018